

## Umhverfismat á aðalskipulaginu

### Hvers vegna umhverfismat?

Viðmið við mat á sjálfbærri þróun	
Þættir	Til athugunar
Opin svæði	<ul style="list-style-type: none"><li>Stærð og fjöldi opinna svæða</li><li>Gæði opinna svæða</li><li>Grænn trefill / tengingar</li></ul>
Heilsa	<ul style="list-style-type: none"><li>Staðbundin loftgæði</li><li>Aðstaða til afþreyingar</li><li>Útblástur farartækja</li><li>Framkvæmdir viðkvæmar fyrir hávaða</li><li>Framkvæmdir sem valda hávaða</li><li>Gæði drykkjarvatns</li><li>Hávaði</li></ul>

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum þarf nú að vinna umhverfismat fyrir skipulagsáætlanir. Umhverfismat er fremur ný aðferðafræði á skipulagsstigi sem er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun og bæta umfjöllun um umhverfisáhrif líkt og gert er við mat á umhverfisáhrifum fyrir tilteknar framkvæmdir, aðeins frá öðru sjónarhorni. Markmið þess er einnig að auka þátttöku almennings við ákvörðunartöku og reyna að tryggja að fjallað sé um umhverfisáhrif fyrr í ákvörðunartökufærlinu en áður hefur verið gert.

Aðalskipulagið í Reykjavík fer nú í fyrsta sinn í gegnum umhverfismat, strax á skipulagsstigi. Þetta er því í fyrsta sinn sem hugmyndafræðin um sjálfbæra þróun birtist með svo skýrum hætti í aðalskipulagi borgarinnar en hún er það leiðarljós sem umhverfismatið byggir á.

### Munur á umhverfismati skipulagsáætlunar og mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar

Mikilvægt er að gera greinarmun á umhverfismati fyrir skipulagsáætlanir (lög nr. 73/1997) annars vegar og mati á umhverfisáhrifum tiltekinna framkvæmdar (lög nr. 106/2000) hins vegar. Helsti munur er sá að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er verið að skoða þau áhrif sem ein tiltekin framkvæmd hefur á umhverfið. Við umhverfismat á skipulagsstigi er hins vegar verið að meta áhrif stefnumiða, markmiða og leiða í skipulagsáætluninni á umhverfið í almennari skilningi og draga fram rökstuðning fyrir þeim ákvörðunum sem skipulagið byggir á.

### Hverjir unnu umhverfismatið?

Umhverfismatið var unnið af ráðgjafarfyrirtækinu Alta fyrir Borgarskipulag og í samráði við umhverfismatsteymi sem í voru starfsmenn Borgarskipulags Reykjavíkur sem séð hafa um vinnu við Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024, ásamt verkefnisstjóra Staðardagskrár 21 hjá Borgarverkfræðingi.

### Mælikvarðar á sjálfbærni

Við umhverfismatið voru skilgreindir mælikvarðar til að meta áhrif stefnumiða, markmiða, leiða, framkvæmda og meiri háttar breytinga í landnotkun með tilliti til sjálfbærrar þróunar. Síðan fóru starfsmenn Alta yfir aðalskipulagstillöguna á fundum með umhverfismatsteyminu þar sem teymið mat áhrif aðalskipulagsins með tilliti til ofangreindra mælikvarða.

Skipulagið var metið með tilliti til áhrifa á eftirtalda þætti: Fyrir nærumhverfi var farið yfir opin svæði, heilsu, öryggi, húsnæði, aðgengi, efnahagslega þætti, lífandi miðsvæði, byggingar og menningarminjar. Fyrir náttúruauðlindir voru skoðuð áhrif á landslag, auðlindir í jörðu, sorp og fráveitur, vatn, land- og jarðveg og fyrir sjálfbærni á heimsvísu voru skoðuð áhrif á líffræðilega fjölbreytni, samgöngur, samgöngumáta, heildarorkunotkun og svæðisbundin loftgæði. Hver þessara þátta var síðan skoðaður nánar með tilliti til tiltekinna mælikvarða. Dæmi um mælikvarða, sem tengjast opnum svæðum, eru áhrif á stærð og fjölda opinna svæða, gæði þeirra og Græna trefillinn.

## Helstu niðurstöður

**Sjálfbær þróun er skilgreind á eftirfarandi hátt í skýrslu Brundtlandnefndarinnar frá árinu 1987:**

**„Sjálfbær þróun er sú þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.“**

Þau stefnumið, sem aðalskipulagið hvílir á, eru Reykjavík sem höfuðborg, alþjóðleg og vistvæn borg. Undir þeim eru skilgreind fjögur markmið og leiðir undir þeim. Markmiðin eru að stuðla að öflugu atvinnulífi, auka gæði byggðar, leggja áherslu á hagkvæma nýtingu lands og þjónustukerfa og að samgöngur verði skilvirkar, öruggar og vistvænar.

Öll markmiðin miða að sjálfbærri þróun og skila að mestu jákvæðum áhrifum á umhverfi, efnahag og félagslega þætti. Þær leiðir, sem farnar eru til að framfylgja markmiðunum, uppfylla einnig í öllum meginatriðum kröfur um sjálfbæra þróun. Gott innbyrðis samræmi er milli markmiða og leiða aðalskipulagsins. Í nokkrum tilvikum þarf þó að gæta að útfærsluatriðum.

Ef miðað er við núgildandi aðalskipulag er óhætt að segja að sú aðalskipulagstillaga, sem hér liggur fyrir, færi Reykjavík nær því að vera sjálfbær borg. Þar vegur þyngst áhersla á vaxtarmörk og þéttingu byggðar, aukinn þéttleika, skilmálar um gæði byggðar og áhersla á vistvænar samgöngur. Engin markmið eða leiðir í aðalskipulaginu geta talist andstæð sjálfbærri þróun þar sem hvergi er um að ræða óafturkræf áhrif á höfuðstól náttúrulegra auðlinda, efnahag eða samfélag.

Þetta umhverfismat Aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024 var unnið undir lok skipulagsvinnunnar þegar stefnumið, markmið og leiðir höfðu endanlega verið ákveðin. Sú aðferðafræði, sem hér hefur verið beitt, byggir á reynslu frá þeim löndum sem lengst eru komin á þessu sviði. Aðferðafræðin er betur til þess fallin að gera upp á milli valkosta og nýtist því best ef hún er nýtt samhliða skipulagsferlinu. Við þessar kringumstæður verður hagnýting aðferðafræði umhverfismatsins lík gátlista og gildi hennar felst þannig fyrst og fremst í öryggi um að skipulagsyfirvöldum hafi ekki yfirsést að fjalla um mikilvæg atriði. Umfjöllunin er þá enn fremur að mestu eigindleg. Rétt er að árétta að talsverður hluti umhverfismatsvinnu er í eðli sínu huglægur og byggður á mati þeirra aðila sem tóku þátt í vinnunni.

Með þessari vinnu er kominn grunnur að verklagi við umhverfismat fyrir skipulagsáætlanir á aðal- og deiliskipulagsstigi og við mat á áhrifum framkvæmda á skipulagsstigi. Þannig nýtist þessi brautryðjendavinna strax í framhaldi og mun skila sér í markvissari vinnubrögðum og gagnsærrri ákvörðunartöku í náinni framtíð.